

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=257733&pageId=3597748&lang=is&q=Ge%F0hj%E1lp og

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=120184&pageId=1615852&lang=is&q=Ge%F0hj%E1lp

Fyrirlestur hjá Geðhjálp

■ Geðhjálp hefur fengið til landsins Judi Chamberlin höfund bókunnar „On Our Own“. Judi er fyrrverandi geðsjúklingur og einn helsti leiðtogi í réttindabaráttu geðsjúkra í Norður-Ameríku. Hún hefur komið víða fram í útvarpi og sjónvarpi, auk þess sem hún hefur skrifað greinar og haldið fjölda erinda um allan heim.

Judi mun halda fyrirlestur hér á landi, þar sem hún segir frá reynslu sinni af geðsjúkrahúsum og af þátttöku sinni í sjálfshjálparhreyfingu geðsjúkra.

Hingað kemur Judi frá alþjóðlegri ráðstefnu um geðheilbrigðismál, sem haldin var

í Englandi. Hún tók þátt í skipulagningu ráðstefnunnar og segir frá henni í fyrirlestri sínum.

Fyrirlesturinn verður haldinn þriðjudaginn 23. júlí í Kristalssal Hótels Loftleiða, og hefst hann klukkan 20.30. Erindi Judi Chamberlin verður þýtt jafnóðum á íslensku.



Geðhjálp:

Opinn fundur með Judi Chamberlin

HÖFUNDUR bókunnar „On Our Own“, Judi Chamberlin, heldur fyrirlestur í dag, þriðjudaginn 23. júlí, í Kristalssal Hótels Loftleiða. Hún kemur hingað á vegum Geðhjálpar. Í fréttatilkynningu Geðhjálpar segir, að Judi sé sjálf fyrrverandi geðsjúklingur og leiðtogi í réttindabaráttu geðsjúkra í Norður-Ameríku.

Umræðuefni fundarins verður sjálfshjálparhreyfing geðsjúkra og valkostþjónusta í geðheilbrigðismálum auk þess sem Judi Chamberlin mun segja frá reynslu inni af geðsjúkrahúsum og störfum alþjóðlegrar ráðstefnu um eðheilbrigðismál, sem haldin var í Englandi, fyrir skömmu.

Fundurinn, sem er öllum opinn, efst klukkan 20:30 og verður erindi Judi Chamberlin þýtt jafnóðum yfir á íslensku.